

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson
Kt. 0312603889
Dags. 11.4.2025 14:55:56
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Guðmundur Örn Árnason
Kt. 1305764789
Dags. 11.4.2025 21:47:36
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sigurjón Rúnar Rafnsson
Kt. 2812655399
Dags. 11.4.2025 15:15:47
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Rut Haraldsdóttir
Kt. 2612644129
Dags. 12.4.2025 15:03:51
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Sigurhanna Friðþórsdóttir
Kt. 2508725189
Dags. 11.4.2025 15:18:54
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Einar Þór Sverrisson
Kt. 2501733429
Dags. 12.4.2025 17:27:19
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Guðmundur Örn Gunnarsson
Kt. 0601632869
Dags. 11.4.2025 16:15:43
Ástæða: Undirritun

Vinnslustöðin hf. Ársreikningur samstæðu 2024

Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2
900 Vestmannaeyjum
kt. 700269-3299

Vinnslustöðin hf.

Ársreikningur samstæðu

2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2-4
Skýrsla stjórnar	5-7
Rekstrarreikningur	8
Efnahagsreikningur	9-10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Skýringar	12-27
Viðauki I: Stjórnarháttayfirlýsing	28-32
Viðauki II: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	33-39

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2024. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Vinnslustöðinni hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Vinnslustöðinni hf., eða þar sem við á, móðurfélagi þess eða dótturfélögum innan Evrópusambandsins, óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi félagsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun

Hvernig við endurskoðuðum megináherslur

Aflaheimildir

Bókfærðar aflaheimildir nema 221,2 milljónum evra eða um 52% af efnahagsreikningi samstæðunnar.

Aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnisleg eign með ótakmarkaðan líftíma. Stjórnendur framkvæma virðisrýrnunarpróf árlega og meta hvort endurheimtanlegt virði aflaheimilda sé umfram bókfært verð þeirra á reikningsskiladegi. Í ljósi stærðar reikningsliðar í efnahagsreikningi og matskenndra forsenda virðisrýrnunarpófs stjórnenda teljum við aflaheimildir vera megináherslu við endurskoðun okkar.

Vísun í skýringu 14 um fiskveiðiheimildir og skýringu 27 um reikningsskilaaðferðir.

Við staðfestum tilvist aflahlutdeildar og aflamarks samstæðunnar.

Stjórnendur lögðu fram virðisrýrnunarpróf sem var framkvæmt á aflaheimildum samstæðunnar í árslok 2024. Við ásamt verðmatssérfræðingum okkar fórum yfir aðferðafræði stjórnenda og hvort breytingar hafi orðið á aðferð milli ára. Við skoðun okkar á virðisrýrnunarprófinu höfum við meðal annars yfirfarið helstu forsendur stjórnenda s.s.:

- Áætlanir stjórnenda sem notaðar eru til grundvallar útreikningi virðisrýrnunarprófsins.
- Veginn fjármagnskostnað (WACC) og með hvaða hætti hann er reiknaður og forsendur útreikninganna.

Jafnframt fórum við yfir útreikning virðisrýrnunarprófsins og niðurstöður þess. Við könnuðum einnig hvort skýringar með ársreikningi væru í samræmi við lög um ársreikninga.

Áritun óháðs endurskoðanda

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, stjórnarháttayfirlýsingu og ófjárhagslega upplýsingagjöf. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Vinnslustöðvarinnar hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem staðfestingarvinnu og reikningsskilaráðgjöf. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni. Deloitte hefur staðfest skriflega við endurskoðunarnefndina að við erum óháð Vinnslustöðinni hf..

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Deloitte var kjörið endurskoðandi Vinnslustöðvarinnar hf. á aðalfundi félagsins þann 4. apríl 2024. Deloitte hefur verið endurskoðandi Vinnslustöðvarinnar hf. síðan á aðalfundi félagsins árið 1968.

Kópavogur, 11. apríl 2025

Deloitte ehf.

Guðmundur Örn Árnason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Vinnslustöðvarinnar hf. og dótturfélaga, sem eru 17 félög. Í stjórnunarlegum tilgangi er félaginu skipt upp í starfsþættina landvinnslu og útgerð, uppsjársvið og botnfisksvið.

Vinnslustöðin hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem rekur eigið sölu- og markaðsstarf og selur afurðir sínar að nær öllu leyti á erlendum mörkuðum. Það var stofnað árið 1946 og er með fjölbreytilegan rekstur. Samstæðan gerir út þrjú togskip, einn netabát og þrjú uppsjárskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfisksverkun og frystingu botnfisks og uppsjávarfisks ásamt humarvinnslu. Hlé hefur verið gert á humarvinnslu vegna veiðibanns. Þá rekur félagið einnig fiskimjölsverksmiðju. Í samstæðunni er rekstur verkstæðis og frystigeymslu, löndunarþjónusta, ísframleiðsla og skipaafgreiðsla ásamt umboðssölu. Þá rekur félagið sex sölufélög erlendis ásamt fiskvinnslu í Portúgal. Vinnslustöðin er móðurfélag og er staðsett í Vestmannaeyjum.

Starfsemin á árinu

	2024	2023
Afkoma samstæðunnar á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam	(3.377.846)	30.413.099
Eignir samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu	422.057.351	415.364.037
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam	117.195.098	118.476.255
Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok nam	27,8%	28,5%
Fjöldi ársverka á árinu nam	420	459

Lækkun rekstrartekna og taprekstur á árinu má rekja að mestu leyti til þess að ekki voru gefnar út aflaheimildir í loðnu á rekstrarárinu og erfiðlega gekk að veiða aflaheimildir í makríl. Rekstur félagsins gekk að mörgu leyti vel, en sala á frosnum botnfiskafurðum gekk treglega ásamt því að verð á þeim afurðum lækkuðu framan af ári. Lýsisverð tók einnig miklum verðlækkunum á árinu. Veltufjármunir lækkuðu milli ára sem stafaði helst af lækkun á handbæru fé. Fjárfestingar voru talsverðar á árinu þar sem fasteignin Lónsbraut 1 í Hafnarfirði var keypt, sem hýsir starfsemi dótturfélagsins Hólmaskers ehf., og ráðist var í byggingu á nýju fiskvinnsluhúsi í Vestmannaeyjum sem mun hýsa saltfiskvinnslu og innvigtun uppsjávarafla auk uppsjávarvinnslu að hluta. Skipið Ísleifur VE var aflagt á árinu, sem leiddi til gjaldfærslu á sölutapi. Þá voru fjármagnsgjöld há á rekstrarárinu sökum ástands á fjármálamörkuðum og þar með hás fjármögnunarkostnaðar félagsins við kaup á félögunum Ós ehf. og Leo Seafood ehf. á árinu á undan.

Helstu óvissuþættir sem félagið stendur frammi fyrir felast í ástandi fiskistofna við strendur Íslands, göngumynstur fisktegunda og ákvarðanir stjórnvalda við stýringu fiskveiðistjórnunarkerfisins. Ástand markaða og hætta á lokunum viðskiptasvæða eru einnig óvissuþættir sem huga þarf að, sérstaklega á svæðum þar sem ófriður ríkir. Félagið hefur lengi vel leitast við að dreifa áhættu með fjölbreytni í samsetningu aflaheimilda og rekstri félagsins til að mæta þessari óvissu. Orkumál á Íslandi snerta starfsemi félagsins og hefur ástand þeirra valdið félaginu auknum kostnaði og tafið framfarir og aðgerðir í loftlagsmálum. Áskoranir í netöryggismálum er miklar líkt og hjá öðrum félögum en reynt hefur verið eftir mesta megni að koma í veg fyrir tjón sem af netglæpum getur hlotist í samstarfi við sérfræðinga. Mannauður er hverju félagi mikilvægasti hlekkurinn í starfseminni. Vinnslustöðin býr yfir sterkum fjölbreyttum hópi starfsfólks sem endurspeglar fjölbreytta starfsemi og þrátt fyrir miklar áskoranir félagsins í ýmsum málum hér nefndum þá nýtur félagið á móti góðs af því að starfa í matvælaíðnaði með heilnæmar afurðir sem þörf er á í heiminum.

Fjárhagsleg áhættustjórn

Helsta fjárhagsleg áhætta samstæðunnar er gengisþróun evru gagnart dollar og þróun íslenskrar krónu gangvart erlendum myntum. Félagið er ekki með formlegar gengisvarnir en hefur gert framvirka gjaldeyrissamninga og vaxtaskiptasamninga. Í skýringu nr. 23 er að finna frekari upplýsingar um fjárhagslega áhættustjórnun.

Skýrsla stjórnar

Hluthafar

Í lok ársins voru 227 hluthafar í félaginu en 229 í upphafi árs. Tíu stærstu hluthafar í árslok 2024 voru:

	Hlutdeild 2023	Hlutdeild 2024	Hlutir í árslok
Seil ehf.	42,9%	42,9%	7.613.460
FISK-Seafood fjárfesting ehf.	32,9%	32,9%	5.843.007
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja.....	5,6%	5,6%	1.002.561
Kristín Elín Gísladóttir.....	3,3%	3,3%	591.926
Elínborg Jónsdóttir.....	2,5%	2,5%	436.887
Selma Jóhannsdóttir.....	2,3%	2,3%	401.433
Haraldur Sveinbjörn Gíslason.....	1,6%	1,6%	291.789
Eyjólfur Guðjónsson.....	1,6%	1,6%	277.174
Ellý Rannveig Gunnlaugsdóttir.....	1,5%	1,5%	274.172
Gymir ehf.....	0,7%	0,7%	130.305
Aðrir.....	5,0%	5,0%	903.620
Samtals.....	100%	100%	17.766.335

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að enginn arður verði greiddur á árinu 2025 og tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Eigin hlutir

Félagið á eigin hluti að nafnvirði 4.820 evrur í árslok. Eigin hlutir að fjárhæð 289 evrur voru keyptir á árinu. Voru hlutirnir keyptir af dánarbúi á verði samkvæmt virðisútreikningum óháðs aðila.

Stjórnunarhættir

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf og fleira. Endurskoðunarnefnd starfar innan félagsins, sem á í samskiptum við stjórnendur og endurskoðendur félagsins. Stjórn Vinnslustöðvarinnar leitast við að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Félagið hefur þó ekki skipað tilnefningarnefnd eða starfskjaranefnd. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra. Í stjórn félagsins sitja þrír karlmenn og tvær konur. Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. uppfyllir því skilyrði 63. gr. laga um hlutafélög um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér í stjórn félagsins þurfa að tilkynna það skriflega fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar.

Um fjöllun um ófjárhagslega upplýsingagjöf ásamt stjórnarháttaryfirlýsingu er í viðauka við ársreikninginn.

Skýrsla stjórnar

Atburðir eftir reikningsskiladag

Vinnslustöðin hf. lauk við endurfjármögnun á langtímaskuldum félagsins í mars 2025 ásamt því að greiddar voru upp skuldir dótturfélaga við lánastofnanir. Áætlaðar afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar á árinu 2025 í kjölfar endurfjármögnununar nema um 9 milljón evra.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum, 11. apríl 2025

Í stjórn

Guðmundur Örn Gunnarsson
stjórnarformaður

Einar Þór Sverrisson
varaformaður

Sigurjón Rúnar Rafnsson

Sigurhanna Friðþórsdóttir

Rut Haraldsdóttir

Framkvæmdastjóri

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		Árið 2024	Árið 2023	Árið 2024	Árið 2023
Rekstrartekjur	5	176.439.064	226.237.916	101.890.439	144.482.731
Kostnaðarverð seldra vara		(89.502.670)	(110.264.456)	(53.884.538)	(66.566.817)
Framlegð		86.936.394	115.973.460	48.005.901	77.915.914
Aðrar tekjur		1.594.046	13.284.650	1.919.657	3.426.424
Veiðigjald	6	(3.474.300)	(4.652.034)	(2.290.225)	(3.345.919)
Laun og annar starfsmannakostnaður	7	(47.670.007)	(58.945.915)	(24.817.896)	(33.245.169)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(3.068.174)	(3.426.222)	(1.781.345)	(2.248.329)
Annar rekstrarkostnaður		(7.144.142)	(3.917.586)	(3.295.798)	0
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		27.173.817	58.316.353	17.740.294	42.502.921
Afskriftir	9	(9.184.553)	(10.212.229)	(4.013.773)	(4.635.519)
Rekstrarhagnaður		17.989.264	48.104.124	13.726.521	37.867.402
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	15	(486.285)	(45.370)	1.065.047	6.049.236
Fjármunatekjur		536.423	600.523	1.058.691	1.040.502
Fjármagnsgjöld		(18.730.470)	(15.031.869)	(17.429.449)	(13.651.338)
Gengismunur og framvirkir samningar		(3.541.159)	5.618.251	(2.977.766)	5.053.747
	10	(22.221.491)	(8.858.465)	(18.283.477)	(1.507.853)
(Tap)/hagnaður fyrir skatta		(4.232.227)	39.245.659	(4.556.956)	36.359.549
Tekjuskattur	11	854.381	(8.832.560)	1.148.825	(5.884.529)
(Tap)/hagnaður ársins		(3.377.846)	30.413.099	(3.408.131)	30.475.020
(Tap)/hagnaður ársins sem tilheyrir:					
Eigendum móðurfélagsins		(3.408.131)	30.475.020		
Hlutdeild minnihluta		30.285	(61.921)		
		(3.377.846)	30.413.099		

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	107.096.826	96.845.366	68.529.285	56.808.461
Fiskveiðiheimildir	14	221.202.874	219.891.513	92.503.165	92.503.165
Viðskiptavild	12	10.668.690	11.875.035	0	0
Eignarhlutar í dótturfélögum	15	0	0	178.777.628	178.537.410
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	16	2.228.049	1.094.445	2.228.049	1.094.445
Verðbréf	17	870.006	981.147	528.788	456.771
Langtímakröfur á tengda aðila	22	979.060	604.651	13.782.413	13.328.526
		343.045.505	331.292.157	356.349.328	342.728.778
Veltufjármunir					
Vörubirgðir	18	46.952.914	45.602.738	21.480.607	28.701.241
Viðskiptakröfur		14.614.131	16.541.999	520.963	523.934
Kröfur á tengd félög	22	1.910.846	1.334.610	21.209.847	13.951.869
Fyrirframgreiddur kostnaður		3.070.354	596.896	1.448.589	238.062
Aðrar skammtímakröfur		2.833.691	2.062.026	1.212.525	1.438.227
Handbært fé		9.629.910	17.933.611	1.103.005	9.390.959
		79.011.846	84.071.880	46.975.536	54.244.292
Eignir		422.057.351	415.364.037	403.324.864	396.973.070

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eigið fé og skuldir		Samstæða		Móðurfélag	
	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé					
Hlutfé		17.766.335	17.766.907	17.766.335	17.766.907
Yfirverðsreikningur hlutfjár		6.702.190	6.708.233	6.702.190	6.708.233
Lögbundinn varasjóður		4.442.789	4.442.789	4.442.789	4.442.789
Sérstakur endurmatsreikningur		1.250.213	0	1.250.214	0
Þýðingarmunur		6.355.799	2.567.886	6.355.799	2.567.886
Bundið eigið fé		36.443.185	36.364.938	36.443.185	36.364.938
Óráðstafað eigið fé		43.563.758	50.050.136	43.563.758	50.050.136
Eigið fé meirihlutaeigenda		116.524.270	117.900.889	116.524.270	117.900.889
Hlutdeild minnihluta		670.828	575.366	0	0
Eigið fé	19	117.195.098	118.476.255	116.524.270	117.900.889
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir	20	171.787.726	176.723.513	159.343.241	163.210.182
Skuldir við tengd félög		0	0	16.138.908	14.511.233
Tekjuskattsskuldbinding	21	46.972.393	48.984.691	18.929.686	20.187.471
		218.760.120	225.708.205	194.411.835	197.908.886
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		7.302.406	6.254.547	3.736.394	2.975.163
Skuldir við lánastofnanir		25.709.384	9.663.116	17.779.388	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	20	44.980.308	8.273.388	42.314.737	6.365.000
Ógreiddir reiknaðir skattar	21	1.176.234	5.777.572	78.523	4.663.711
Skuldir við tengd félög	22	11.018	69.159	25.067.467	30.264.742
Fyrirframinnheimtar tekjur		605.816	2.205.321	0	0
Ógreitt vegna fjárfestingar		0	33.222.591	0	33.222.591
Aðrar skammtímaskuldir		6.316.967	5.713.883	3.412.250	3.672.088
		86.102.133	71.179.577	92.388.759	81.163.295
Skuldir		304.862.253	296.887.782	286.800.594	279.072.181
Eigið fé og skuldir		422.057.351	415.364.037	403.324.864	396.973.070

Yfirlit um sjóðstreymi 2024

		Samstæða		Móðurfélag	
	Skýr.	2024 Árið	2023 Árið	2024 Árið	2023 Árið
Rekstrarhreyfingar					
Rekstrarhagnaður		17.989.264	48.104.124	13.726.521	37.867.402
Afskriftir fastafjármuna	9	9.184.553	10.212.229	4.013.773	4.635.519
Söluhagnaður fastafjármuna		3.566.322	(11.164.217)	3.580.078	(6.515)
Söluhagnaður áhættufjármuna		2.975	(53.570)	0	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		30.743.114	47.098.566	21.320.372	42.496.406
Vörubirgðir (hækkun)/lækkun		(574.848)	(12.876.444)	7.489.085	(5.395.992)
Aðrar rekstrart. eignir (hækkun)/lækkun		(4.597.431)	7.369.621	(8.246.822)	(7.696.681)
Rekstrartengdar skuldir hækkun/(lækkun)		2.436.849	(5.724.109)	(409.635)	18.705.818
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		28.007.684	35.867.634	20.153.000	48.109.551
Innborgaðir vextir og arður		1.316.576	810.419	1.138.536	617.508
Greiddir vextir		(19.276.226)	(14.253.140)	(16.623.651)	(12.250.353)
Greiddur tekjuskattur		(6.074.658)	(5.223.471)	(4.694.148)	(2.340.682)
Handbært fé frá (til), rekstri		3.973.375	17.201.443	(26.263)	34.136.023
Fjárfestingahreyfingar					
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	13	(22.570.102)	(3.141.591)	(20.969.662)	(1.560.378)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	13	1.737.234	39.198	1.654.987	0
Keyptar fiskveiðiheimildir	14	0	(2.236.752)	0	(2.236.752)
Seldar fiskveiðiheimildir	14	0	16.837.277	0	0
Fjárfest í dóttur- og hlutdeildarfélögum	15	(53.937)	(70.812.087)	(53.937)	(70.812.087)
Arður frá dóttur- og hlutdeildarfélögum	16	28.284	0	28.284	390.597
Seld/(keypt) verðbréf	17	114.727	(31.250)	(66.727)	(31.305)
Keyptir eigin hlutir	19	(6.332)	(3.370)	(6.332)	(3.370)
Afborganir vegna kaupa Ós ehf.		(33.222.591)	0	(33.222.591)	0
Breyting á skuldab.eign við tengd félög		(39.757)	0	(39.757)	306.900
Breyting á fastafjármunum til sölu		0	807.715	0	0
		(54.012.475)	(58.540.861)	(52.675.736)	(73.946.395)
Fjármögnunarahreyfingar					
Greiddur arður	19	(3.000.000)	(3.016.762)	(3.000.000)	(3.000.000)
Nýjar langtímaskuldir	20	35.000.000	46.104.152	35.000.000	40.733.890
Afborganir langtímaskulda	20	(8.907.070)	(14.742.304)	(6.408.000)	(6.402.600)
Hækkun á skuld við lánastofnanir		17.839.127	2.769.571	17.779.388	0
Innborgað hlutafé		96.039	0	0	0
Hækkun á langt.skuldum við tengd félög		0	0	433.056	0
		41.028.096	31.114.657	43.804.444	31.331.290
Hækkun handbærs fjár		(9.011.004)	(10.224.761)	(8.897.555)	(8.479.082)
Handbært fé í upphafi árs		17.933.611	23.428.898	9.390.959	13.582.835
Yfirfært vegna kaupa á dótturfélagi		0	848.219	0	0
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		597.477	4.089.860	609.599	4.287.206
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga		109.826	(208.606)	0	0
Handbært fé í lok árs		9.629.910	17.933.611	1.103.005	9.390.959

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ársreikningur samstæðu Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2024 hefur að geyma ársreikning félagsins, dótturfélaga þess og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélagum.

Vinnslustöðin hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem rekur eigið sölu- og markaðsstarf. Það var stofnað árið 1946 og er með fjölbreytilegan rekstur, gerir út þrjú togskip, einn netabát og þrjú uppsjávarskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfisksverkun og frystingu botnfisks og uppsjávarfisks. Einnig rekur félagið fiskimjölsverksmiðju. Í samstæðunni er rekstur verkstæðis og frystigeymslu, löndunarþjónusta, ísframleiðsla og skipaafgreiðsla ásamt umboðssölu. Þá rekur félagið sex sölufélög erlendis og fiskvinnslu í Portúgal. Móðurfélag í samstæðunni er Vinnslustöðin hf. og er staðsett í Vestmannaeyjum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnar eignir og fjármálagerningar eru færðir á endurmetnu virði eða gangvirði. Samstæðuársreikningurinn er gerður í evrum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilvikum sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð herra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá því sem móðurfélagið öðlast yfirráð eða missir yfirráð eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

5. Rekstrartekjur

Í stjórnunarlegum tilgangi er rekstri samstæðunnar skipt í landvinnslu og útgerð. Annar rekstur samstæðunnar er það lítil að umfangi að honum er ekki skipt upp.

	Landvinnsla	Útgerð	Vörusala	Eigin afli	Samtals
Rekstrartekjur ársins 2024	133.654.933	56.675.399	26.333.567	(40.224.835)	176.439.064
Rekstrartekjur ársins 2023	170.281.129	82.103.870	29.778.432	(55.925.516)	226.237.916

Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig eftir gjaldmiðlum :

	2024	Hlutfall	2023	Hlutfall
Evra (EUR)	100.140.032	56,8%	97.474.210	43,1%
Bandaríkjadalur (USD)	42.939.110	24,3%	63.721.901	28,2%
Norsk króna (NOK)	15.428.145	8,7%	29.149.664	12,9%
Íslensk króna (ISK)	8.061.614	4,6%	15.687.161	6,9%
Japanskt jen (JPY)	4.024.097	2,3%	15.882.975	7,0%
Sterlingspund (GBP)	5.528.051	3,1%	4.113.089	1,8%
Kanadadalur (CAD)	318.015	0,2%	208.915	0,1%
	176.439.064		226.237.916	

Skýringar

6. Veðigjald

Félagið gjaldfærði 519 milljónir króna í veðigjald vegna rekstrarársins 2024. Skuld vegna veðigjaldsins sem færð er í ársreikninginn á meðal annarra skammtímaskulda er vegna ógreiddra veðigjalda í nóvember og desember.

Samtals botnfiskur og uppsjávarfiskur:	ISK	EUR
Rekstrarárið 2024.....	519.198.917	3.474.300
Rekstrarárið 2023.....	689.042.937	4.652.034
Rekstrarárið 2022.....	427.432.976	3.005.308
Rekstrarárið 2021.....	355.949.393	2.405.566
Rekstrarárið 2020.....	180.104.583	1.152.393
Botnfiskur:		
Rekstrarárið 2024.....	380.985.548	2.549.424
Rekstrarárið 2023.....	271.166.037	1.830.762
Rekstrarárið 2022.....	209.542.959	1.473.310
Rekstrarárið 2021.....	224.964.979	1.520.351
Rekstrarárið 2020.....	138.998.385	889.376
Uppsjávarfiskur:		
Rekstrarárið 2024.....	138.213.369	924.876
Rekstrarárið 2023.....	417.876.900	2.821.272
Rekstrarárið 2022.....	217.890.017	1.531.998
Rekstrarárið 2021.....	130.984.414	885.215
Rekstrarárið 2020.....	41.106.198	263.017

Félagið veiddi enga loðnu á fiskveiðiarinu 2023/2024 (2022/2023 : 39.919 tonn)

7. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun	38.017.477	47.921.648
Lífeyrissjóður	4.583.212	5.247.809
Önnur launatengd gjöld	3.659.741	4.266.109
Annar starfsmannakostnaður	1.409.577	1.510.349
	<u>47.670.007</u>	<u>58.945.915</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	420	459
Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra á árinu námu 275 þús. evrum, (2023: 267 þús. evrum) og laun og hlunnindi framkvæmdaráðs og stjórnarmanna námu 855 þús. evrum (2023: 809 þús. evrum).		

8. Þóknun til endurskoðanda

	2024	2023
Endurskoðun ársreiknings	241.183	166.600
Önnur þjónusta	42.818	47.223
	<u>284.001</u>	<u>213.823</u>

9. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2024	2023
Afskriftir fastafjármuna	8.053.809	8.881.497
Afskriftir viðskiptavildar og óefnislegra eigna	1.130.744	1.330.732
	<u>9.184.553</u>	<u>10.212.229</u>

Skýringar

10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	321.949	419.857
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	1.062	0
Söluhagnaður hlutabréfa	0	53.573
Arður af hlutabréfaeign	16.937	12.548
Verðbreytingar markaðsverðbréfa	34.828	0
Aðrar vaxtatekjur	161.647	114.545
	536.423	600.523
 Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	16.885.328	12.405.040
Lántökukostnaður	247.484	334.344
Önnur vaxtagjöld	2.090.146	2.292.485
	18.730.470	15.031.869
 Gengismunur og framvirkir samningar greinast þannig:		
Gengismunur	3.840.759	(5.462.296)
Framvirkir gjaldeyrissektasamningar	(299.600)	(155.955)
	3.541.159	(5.618.251)

11. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi 854 þúsundum evra (2023: gjaldfært 8.824 þúsundum evra). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025 nemur 1.176 þúsundum evra (2024: 5.777 þúsundum evra).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2024		2023	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	(4.232.227)		39.245.659	
Skatthlutfall	(888.768)	21,0%	7.849.132	20,0%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagis	97.257	-2,3%	9.074	0,0%
Aðrir liðir	(62.870)	1,5%	974.354	2,5%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarr.	(854.381)	20,2%	8.832.560	22,5%

12. Viðskiptavild

	2024	2023
Bókfært verð í ársbyrjun	11.875.035	2.354.062
Eignfært á árinu	0	10.798.373
Afskrifað á árinu	(1.130.744)	(1.330.732)
Þýðingarmunur	(75.601)	53.332
Bókfært verð í árslok	10.668.690	11.875.035
 Afskriftarhlutföll		10%

13. Varanlegir rekstrarfjármunir

Árið 2024 greinist þannig:	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Vélar, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2024	64.144.470	97.319.070	57.452.362	218.915.902
Þýðingarmunur	21.995	144.511	19.774	186.280
Eignfært á árinu	18.919.394	1.517.862	2.094.914	22.532.170
Selt og aflagt á árinu	(41.800)	(9.063.710)	(655.385)	(9.760.895)
Staða 31.12.2024	83.044.059	89.917.733	58.911.665	231.873.457

Afskriftir				
Staða 1.1.2024	23.151.771	58.454.887	40.463.877	122.070.535
Afskrift ársins	2.050.295	2.322.970	3.680.544	8.053.809
Þýðingarmunur	(503.250)	(170.889)	(212.160)	(886.299)
Selt og aflagt á árinu	0	(4.404.645)	(56.772)	(4.461.417)
Staða 31.12.2024	24.698.816	56.202.323	43.875.489	124.776.628

Bókfært verð				
Staða 1.1.2024	40.992.699	38.864.183	16.988.485	96.845.366
Staða 31.12.2024	58.345.243	33.715.410	15.036.176	107.096.826

Afskriftarhlutföll	0-6%	6-10%	15-20%	
--------------------------	------	-------	--------	--

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok 2024:	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir	108.720.733
Fiskiskip og fylgihlutir	63.615.931
Vélar og framleiðslutæki	71.724.890

Fasteignamat á fasteignum og lóðum í eigu samstæðunnar er 30,1 milljón evrur. Fjárhæð rekstrarstöðvunartrygginga samstæðunnar er 34,6 milljón evrur.

Árið 2023 greinist þannig:	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Vélar, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2023	55.071.141	78.217.571	45.954.188	179.242.900
Leiðrétt upphafsstaða	(411.634)	2.745.079	(1.657.528)	675.917
Ný dótturfélög	9.099.062	16.211.908	10.442.566	35.753.536
Þýðingarmunur	78.554	144.512	27.895	250.961
Eignfært á árinu	307.347	0	2.954.302	3.261.649
Selt og aflagt á árinu	0	0	(269.061)	(269.061)
Staða 31.12.2023	64.144.470	97.319.070	57.452.362	218.915.902

Afskriftir				
Staða 1.1.2023	19.641.950	44.145.711	35.788.176	99.575.837
Leiðrétt upphafsstaða	(411.634)	2.745.079	(1.657.528)	675.917
Ný dótturfélög	1.953.204	7.550.144	3.429.368	12.932.716
Afskrift ársins	1.967.379	3.822.188	3.091.930	8.881.497
Þýðingarmunur	872	191.765	655	193.292
Selt og aflagt á árinu	0	0	(188.724)	(188.724)
Staða 31.12.2023	23.151.771	58.454.887	40.463.877	122.070.535

Bókfært verð				
Staða 1.1.2023	35.429.191	34.071.860	10.166.012	79.667.062
Staða 31.12.2023	40.992.699	38.864.183	16.988.485	96.845.366

Afskriftarhlutföll	0-6%	6-10%	15-20%	
--------------------------	------	-------	--------	--

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok 2023:	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir	78.901.807
Fiskiskip og fylgihlutir	63.989.279
Vélar og framleiðslutæki	71.724.890

Fasteignamat á fasteignum og lóðum í eigu samstæðunnar er 24,1 milljón evrur. Fjárhæð rekstrarstöðvunartrygginga samstæðunnar er 29,5 milljón evrur.

14. Fiskveiðiheimildir

	31.12.2024	31.12.2023
Kostnaðarverð		
Staða í ársbyrjun	228.864.902	139.928.167
Keypt dótturfélag - Ós ehf.	0	94.011.194
Þýðingarmunur dótturfélaga	1.311.361	615.557
Selt og aflagt á árinu	0	(5.690.016)
Staða í árslok	230.176.263	228.864.902
Afskriftir		
Staða í ársbyrjun	8.973.389	8.973.389
Staða í árslok	8.973.389	8.973.389
Bókfært verð		
Bókfært verð í ársbyrjun	219.891.513	130.954.778
Bókfært verð í árslok	221.202.874	219.891.513
Afskriftarhlutföll	0%	0%

Aflaheimildir er prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar árlega eða oftar ef vísbending um virðisrýrnun er til staðar.

Úthlutaðar veiðiheimildir til fiskiskipa félagsins á fiskveiðiárinu frá 1.9.2024 til 31.8.2025 eru eftirfarandi, auk stöðu aflamarks tegunda í árslok:

	Aflahlutdeild í prósentum 31.12.2024	Úthlutað aflmark 01.09.2024	Aflamark í þorskígildis í tonnum	Staða aflamarks 31.12.2024 í tonnum
Veiðiheimildir í botnfiski				
Þorskur.....	3,939596%	6.613	6.613	6.186
Ýsa.....	6,826269%	4.092	2.619	3.198
Ufsi.....	9,119381%	4.833	3.238	4.649
Gullkarfi	8,432634%	3.342	2.039	2.860
Djúpkarfi	9,685962%	349	230	349
Langa.....	8,583088%	374	213	293
Blálanga.....	12,948083%	29	13	11
Keila.....	1,507873%	68	20	63
Steinbitur.....	1,942066%	155	73	140
Hlýri	1,593010%	4	3	-1
Skötuselur.....	20,106872%	32	38	14
Gullax.....	3,778167%	439	114	543
Grálúða.....	3,004500%	264	507	63
Skarkoli.....	6,583004%	452	411	447
Þykkvalúra.....	9,067764%	77	101	73
Langlúra.....	5,053265%	65	40	77
Sandkoli.....	8,671646%	27	9	29
Skrápflúra.....	6,623079%	0	0	0
Litli karfi.....	6,925035%	37	8	43
		21.253	16.289	19.037
Aðrar veiðiheimildir				
Humar.....	18,663190%	0	0	0
Úthafsækja.....	0,314072%	14	11	14
Rækja við snæfellsnes	0,314072%	1	1	1
Síld.....	12,199965%	8.823	1.676	1.317
Loðna.....	12,328653%	0	0	0
Norsk-íslensk síld.....	11,464763%	6.606	1.321	92
Makrill.....	9,189636%	15.449	4.017	5.551
Kolmunni.....	7,901456%	24.175	2.176	(506)
		55.068	9.203	6.469
Veiðiheimildir samtals.....		76.321	25.490	25.506

Skýringar

15. Eignarhlutar í dótturfélögum

Samstæðureikningsskil Vinnslustöðvarinnar hf. taka til eftirfarandi dótturfélaga:

	Nafnverð	Megin starfsemi
About Fish ehf.	191.489	Eignarhaldsfélag
Grupexie SA.....	1.137.720	Matvælaframleiðsla
Hafnareyri ehf.	63.270	Þjónusta við sjávarútveg
Hólmasker ehf.	266.320	Fiskvinnsla
Huginn ehf.	47.303	Útgerð
Kap ehf.	130.000	Eignarhaldsfélag
Leo Seafood ehf.	13.202	Fiskvinnsla
Marhólmur ehf.	189.801	Matvælaframleiðsla
Ós ehf.	33.005	Útgerð
VSV America ehf.	53.937	Sala, dreifing og þjónusta
VSV Finland OY.....	200.000	Sala, dreifing og þjónusta
VSV France SAS.....	100.000	Sala, dreifing og þjónusta
VSV Germany GmbH.....	200.000	Sala, dreifing og þjónusta
VSV Japan GK.....	156.012	Sala, dreifing og þjónusta
VSV Netherland BV	100.000	Sala, dreifing og þjónusta
VSV Portugal LDA.....	50.000	Sala, dreifing og þjónusta
VSV Seafood Iceland ehf.	37.670	Sala, dreifing og þjónusta

	Eignarhlutur		Móðurfélag	
	31.12.2024	31.12.2023	Bókfært verð eignarhlutar 31.12.2024	31.12.2023
About Fish ehf.	98%	98%	0	0
Grupexie SA	95%	95%	3.794.819	3.333.835
Hafnareyri ehf.	100%	100%	1.486.628	1.885.066
Hólmasker ehf.	75%	75%	614.468	251.464
Huginn ehf.	100%	100%	61.843.360	63.105.395
Kap ehf.	100%	100%	0	54.568
Leo Seafood ehf.	100%	100%	8.307.296	9.839.781
Marhólmur ehf.	100%	100%	5.338.281	5.667.104
Ós ehf.	100%	100%	87.353.733	85.431.632
VSV America ehf.	100%	0%	31.575	0
VSV Finland Oy	100%	100%	0	122.164
VSV France SAS.....	100%	100%	875.006	1.883.017
VSV Germany GmbH.....	100%	100%	1.100.264	936.590
VSV Japan GK.....	95%	95%	1.199.289	1.121.595
VSV Netherland BV	100%	100%	1.125.746	1.111.946
VSV Portugal LDA.....	100%	100%	2.548.000	646.637
VSV Seafood Iceland ehf.	100%	100%	3.159.163	3.146.616
			<u>178.777.628</u>	<u>178.537.410</u>

15. Eignarhlutar í dótturfélögum (framhald)

Breyting eignarhluta í dótturfélögum greinist þannig:

	2024	2023
Staða í ársbyrjun	178.537.410	72.580.337
Uppfærð hlutdeild í afkomu fyrra árs	(155.315)	(10.240)
Keypt á árinu	53.937	102.809.145
Þýðingarmunur	3.693.106	(1.177.143)
Óinnleystur hagnaður í birgðum hjá dótturfélagi	2.795.232	(3.990.198)
Afskrift af yfirverði	(2.304.608)	(7.893.723)
Arðgreiðslur	(4.965.003)	(1.730.180)
Hlutdeild í neikvæðu eigin fé dótturfélags fært til lækkunar á kröfu á dótturf.	145.406	0
Hlutdeild í afkomu	977.463	17.949.412
Staða í árslok	178.777.628	178.537.410

100% afkoma og eigið fé dótturfélaga greinist þannig:

	Afkoma 2024	2023	Eigið fé 31.12.2024	31.12.2023
About Fish ehf.	(500)	646	(17.145)	(15.899)
Grupeixe SA	1.056.590	384.265	4.045.712	2.989.126
Hafnareyri ehf.	(435.595)	(43.412)	1.283.610	1.659.668
Hólmasker ehf.	(51.572)	(139.934)	1.537.422	1.521.334
Huginn ehf.	(934.321)	17.678.155	42.160.731	45.168.667
Kap ehf.	(278)	(15.787)	(4.936)	54.736
Leo Seafood ehf.	(1.431.274)	(883.128)	(726.332)	725.599
Marhólmur ehf.	(74.784)	(499.979)	2.639.696	2.714.481
Ós ehf.	1.907.254	86.550	19.325.111	16.587.342
VSV America ehf.	(41.758)	0	52.625	0
VSV Finland Oy	(267.570)	10.137	(145.406)	122.164
VSV France SAS	228.369	51.977	875.006	646.637
VSV Germany GmbH	185.464	106.530	1.100.264	936.590
VSV Japan GK.....	141.055	320.306	1.262.410	1.180.625
VSV Netherlands BV	13.800	9.782	1.125.747	1.111.947
VSV Portugal LDA.....	664.010	355.566	2.548.000	1.883.017
VSV Seafood Iceland ehf.	312.226	589.825	3.159.163	3.146.937
	1.271.116	18.011.499	80.221.678	80.432.971

Skýringar

16. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:		Nafnverð	Megin starfsemi		
Langa ehf.		138.375	Fiskvinnsla		
Lifrarsamlag Vestmannaeyja ehf.		235.394	Eignarhaldsfélag		
Idunn Seafoods ehf. *		847.274	Umboðssala		
Rannsóknarþjónusta Vestmanneyja ehf.		9.241	Rannsóknarþjónusta		
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:		Eignarhlutur		Bókfært verð eignarhlutar	
		31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Langa ehf.	31,0%	31,0%		2.110.895	823.361
Lifrarsamlag Vestmannaeyja ehf.	45,6%	45,6%		0	200.425
Idunn Seafoods ehf. *	54,2%	8,9%		34.310	0
Rannsóknarþjónusta Vestmanneyja ehf.	40,7%	40,7%		82.844	70.659
				2.228.049	1.094.445

* Á síðari hluta ársins 2024 eignaðist Vinnslustöðin 45% viðbótareignarhlut í Idunni Seafoods ehf. og nemur beinn eignarhluti í félaginu 54,2% í árslok 2024. Fyrir liggur samkomulag í ársbyrjun 2025 við aðra hluthafa félagsins um kaup þeirra á hlutum í Idunni Seafoods. Af þessum sökum er félagið ekki tilgreint sem dótturfélag í ársreikningi ársins 2024.

Breyting eignarhluta í hlutdeildarfélögum greinist þannig:	2024	2023
Staða í ársbyrjun	1.094.445	1.124.588
Endurmat fasteigna hjá hlutdeildarfélagi	1.250.214	0
Uppfærð hlutdeild í afkomu fyrra árs	(103.706)	(34.219)
Arðgreiðslur	0	(40.565)
Þýðingarmunur	95.207	50.878
Afskrift af yfirverði	0	(6.223)
Hlutdeild í afkomu	(108.111)	(14)
Staða í árslok	2.228.049	1.094.445

100% afkoma og eigið fé hlutdeildarfélaga greinist þannig:

	Afkoma 2024	2023	Eigið fé 31.12.2024	31.12.2023
Langa ehf.	(254.507)	136.988	6.809.336	6.763.215
Lifrarsamlag Vestmannaeyja ehf.	Ökomið	(164.818)	(83.303)	(80.711)
Idunn Seafoods ehf.	(58.313)	(295.733)	98.812	152.331
Rannsóknarþjónusta Vestmanneyja ehf.	Ökomið	78.978	Ökomið	263.514
	(312.820)	(244.585)	6.824.846	7.098.349

17. Verðbréf

	Markaðs- verðbréf	Fjárfestingar- verðbréf	Samtals
Staða í ársbyrjun 2023	356.355	582.065	938.420
Kaup	0	0	0
Leiðrétt á milli flokka í skýringum	160.143	(160.143)	0
Keypt dótturfélag	11.650	0	11.650
Kaup	31.305	0	31.305
Sölur	(56)	0	(56)
Gangvirðisbreytingar	763	10.500	11.263
Gengisbreyting	7.894	0	7.894
Þýðingarmunur	(6.591)	(12.739)	(19.330)
Staða í ársbyrjun 2024	561.463	419.683	981.147
Leiðrétt á milli flokka í skýringum	(193.527)	193.527	0
Kaup	0	31.898	31.898
Sölur	(183.759)	0	(183.759)
Gangvirðisbreytingar	39.249	0	39.249
Gengisbreyting	0	(4.545)	(4.545)
Þýðingarmunur	4.698	1.318	6.016
Staða í árslok 2024	228.124	641.881	870.006

18. Vörubirgðir

	31.12.2024	31.12.2023
Afurðir	38.741.455	39.307.001
Umbúðir	1.270.231	1.697.943
Rekstrarvörur	2.114.749	2.140.480
Veifaræri	5.313.583	5.373.388
Hráefni	107.694	916.310
Fullunnar vörur	643.372	201.018
Óinnleystur hagnaður í birgðum	(1.238.170)	(4.033.402)
	<u>46.952.914</u>	<u>45.602.738</u>

Við gerð samstæðureiknings var uppsafnaður hagnaður innan samstæðunnar að fjárhæð 1,2 milljón evrur bakfærður og færður til lækkunar afkomu ársins 2024 (2023 : 4 milljón evrur).

19. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Hlutfé í árslok	17.766.335	99,98%	17.766.335
Eigin hlutir í árslok	4.820	0,02%	4.820
Heildarhlutfé í árslok	<u>17.771.155</u>	<u>100,0%</u>	<u>17.771.155</u>

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 17.771.155 evrur eins og kveðið er á um í samþykktum og er nafnverð hvers hlutar ein evra. Hver evra nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eigið fé greinist þannig:	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	17.767.083	6.711.427	28.085.387	38.991.915	91.555.815
Þýðingarmunur			(1.126.575)		(1.126.575)
Keyptir eigin hlutir	(176)	(3.194)			(3.370)
Greiddur arður				(3.000.000)	(3.000.000)
Hagnaður ársins				30.475.020	30.475.020
Bundið eigið fé v. hlutdeildar			<u>16.416.801</u>	<u>(16.416.801)</u>	<u>0</u>
Eigið fé 1.1.2024	17.766.907	6.708.233	43.375.613	50.050.133	117.900.889
Þýðingarmunur			3.787.913		3.787.913
Keyptir eigin hlutir	(572)	(6.042)			(6.614)
Endurmat fastafjármuna			1.250.214		1.250.214
Greiddur arður				(3.000.000)	(3.000.000)
Hagnaður ársins				(3.408.131)	(3.408.131)
Bundið eigið fé v. hlutdeildar			<u>78.247</u>	<u>(78.247)</u>	<u>0</u>
Eigið fé 31.12.2024	<u>17.766.335</u>	<u>6.702.191</u>	<u>48.491.987</u>	<u>43.563.755</u>	<u>116.524.270</u>

Annað bundið eigið fé greinist þannig:	Hlutdeildar- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Þýðingar- munur	Samtals annað bundið eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	19.948.137	4.442.789	0	3.694.461	28.085.387
Þýðingarmunur				(1.126.575)	(1.126.575)
Bundið eigið fé v. hlutdeildar	<u>16.416.801</u>				<u>16.416.801</u>
Eigið fé 1.1.2024	36.364.938	4.442.789	0	2.567.886	43.375.613
Þýðingarmunur				3.787.913	3.787.913
Endurmat fastafjármuna			1.250.214		1.250.214
Bundið eigið fé v. hlutdeildar	<u>78.247</u>				<u>78.247</u>
Eigið fé 31.12.2024	<u>36.443.185</u>	<u>4.442.789</u>	<u>1.250.214</u>	<u>6.355.799</u>	<u>48.491.987</u>

Bundinn sjóður er tilkominn vegna hlutdeildartekna umfram móttæknar arðgreiðslur í samræmi við 5. mgr. 41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

20. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir í EUR	148.812.445	118.036.646
Skuldir í USD	45.526.046	45.112.286
Skuldir í ÍSK	20.847.811	19.933.555
Skuldir í GBP	<u>1.581.732</u>	<u>1.914.413</u>
	216.768.034	184.996.900
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(44.980.308)</u>	<u>(8.273.388)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>171.787.726</u>	<u>176.723.513</u>

Lántökukostnaður er færður til gjalda línulega með aðferð virkra vaxta yfir lántímann.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2024	31.12.2023
Næsta árs afborganir	44.980.308	8.273.388
Afborganir 2026	11.016.975	7.515.711
Afborganir 2027	8.673.218	8.327.711
Afborganir 2028	8.673.218	8.327.711
Afborganir 2029	8.673.218	8.327.711
Afborganir 2030	8.673.218	8.327.711
Afborganir síðar	<u>126.077.879</u>	<u>135.896.958</u>
	216.768.034	184.996.900

Næsta árs afborganir langtímaskulda eru settar fram miðað við líklegasta afborgunarferli lánanna. Afborgunarferli er sýnt lengri en líftími lánanna að miklu leyti. Lánasamningarnir kveða á um eingreiðslu í lok lántímans en það er sameiginlegur skilningur félagsins og lánveitenda að lánin verði framlengd fyrir þær lokagreiðslur. Langtímaskuldir Vinnslustöðvarinnar hf. voru endurfjármagnaðar á árinu 2025 ásamt því að greiddar voru upp skuldir dótturfélaga við lánastofnanir. Afborgunarferli er sýnt lengra en líftími lánanna nema þeirra sem eru með lokagjalddaga á árinu 2025.

21. Tekjuskattsskuldbinding

	2024	2023
Staða í ársbyrjun	48.984.691	27.298.104
Keypt dótturfélag - Leo Seafood ehf. og Ós ehf.	0	18.289.383
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	(854.381)	8.832.560
Tekjuskattur til greiðslu á komandi ári	<u>(1.176.234)</u>	<u>(5.777.572)</u>
Aðrir liðir	18.317	342.216
Staða í árslok	<u>46.972.393</u>	<u>48.984.691</u>
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:		
	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.712.112	8.798.909
Óefnislegar eignir	36.363.896	36.105.389
Veltufjáreignir	625.867	755.585
Frestaður gengismunur	(86.203)	437.361
Frestaður söluhagnaður	3.495.454	3.293.705
Aðrir liðir	<u>(1.138.733)</u>	<u>(406.258)</u>
	46.972.393	48.984.691

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2024:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Langa ehf., hlutdeildarfélag	57.521	753.998	1.584.937	0
Rannsóknarþj.Vestmanneyjum. ehf., hlutdeildarfélag ...	114.570	0	0	11.018
Idunn Seafoods ehf., hlutdeildarfélag	44.324	507.651	850.397	0
Lifrarsamlag Vestmannaeyja ehf., hlutdeildarfélag	0	0	72.959	0
Krafa á stjórnendur dótturfélaga	0	0	381.613	0
	<u>216.415</u>	<u>1.261.649</u>	<u>2.889.906</u>	<u>11.018</u>

Kröfur á tengda aðila færðir á meðal fastafjármuna	979.060
Kröfur á tengda aðila færðir á meðal veltufjármuna	<u>1.910.846</u>
	<u>2.889.906</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2023:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Langa ehf., hlutdeildarfélag	14.207	928.639	979.504	0
Rannsóknarþj.Vestmanneyjum. ehf., hlutdeildarfélag ...	204.293	0	0	2.811
Idunn Seafoods ehf., dótturfélag hlutdeildarfélags	77.984	539.992	433.374	66.348
Lifrarsamlag Vestmannaeyja ehf., hlutdeildarfélag	0	0	104.205	0
Kvika ehf.	0	0	40.565	0
Krafa á stjórnendur dótturfélaga	0	0	381.613	0
	<u>296.484</u>	<u>1.468.631</u>	<u>1.939.261</u>	<u>69.159</u>

Kröfur á tengda aðila færðir á meðal fastafjármuna	604.651
Kröfur á tengda aðila færðir á meðal veltufjármuna	<u>1.334.610</u>
	<u>1.939.261</u>

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

23. Fjárhagsleg áhættustýring

Félagið stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Félaginu ber að fylgja reglum lánastofnana um lágmarks eiginfjárstöðu og skal hún vera að lágmarki 24 milljón evrur.

Stjórnendur félagsins fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerna.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir félagsins eru breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Félagið gerir ársreikning sinn í evrum. Hluti af fjáreignum og fjárskuldum félagsins eru í öðrum gjaldmiðlum, og ber félagið áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart evru. Félagið reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjárskulda í helstu viðskiptamiðlum. Áhættunni er mætt með því að láta myntsamsetningu langtímalána endurspegla tekjumyntsamsetningu félagsins að nokkru leyti og að teknu tilliti til myntsamsetningu efnahagsliða. Tekjur félagsins eru í erlendum myntum en kostnaður að stóru leyti í íslenskum krónum. Fylgst er náið með gengishreyfingum erlendra mynta gagnvart íslenskum krónum og vandað til tímasetninga á sölu gjaldeyris fyrir íslenskar krónur. Félagið er ekki með formlegar gjaldeyrisvarnir en gerðir voru þó framvirkir samningar um sölu gjaldeyris hjá félaginu á árinu.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

31. desember 2024:	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
USD	0,9604	2.120.656	51.361.477	(49.240.821)
ISK	0,0069	11.474.041	79.217.630	(67.743.589)
		13.594.697	130.579.107	(116.984.410)
31. desember 2023:	Gengi	Eignir	Skuldir	Hrein staða
USD	0,9050	6.062.318	45.657.998	(39.595.680)
ISK	0,0066	13.111.451	118.683.823	(105.572.372)
		19.173.769	164.341.821	(145.168.052)

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi evru gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerna í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi evru gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2024		31.12.2023	
Áhrif á afkomu og eigið fé:	5%	10%	5%	10%
USD	2.462.041	4.924.082	1.979.784	3.959.568
ISK	3.387.179	6.774.359	5.278.619	10.557.237
	5.849.221	11.698.441	7.258.403	14.516.805

23. Fjárhagsleg áhættustýring (framhald)

Vaxtaááhætta

Vaxtaááhætta felst í því þegar vextir á eignum og skuldum breytast ekki á sama tíma. Samstæðan býr við vaxtaááhættu vegna vaxtageiðslna af skuldum og vaxtaberandi eignum félagsins. Vaxtaform skulda samstæðunnar eru breytilegir vextir í evrum og dollurum að langmestu leyti og að litlu leyti í íslenskum krónum. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og félagið hefur mætt vaxtaááhættu með því að láta myntsamsetningu lána og þar með samsetningu vaxta endurspegla tekjusatsetningu félagsins að hluta til. Félagið hefur gert vaxtaskiptasamninga þar sem fljótandi vöxtum hefur verið skipt yfir í fasta vexti, að hluta, til að mæta áhættu við vaxtabreytingum fljótandi vaxta. Í lok árs 2024 voru þó engir slíkir samningar.

Af vaxtaberandi skuldum félagsins bera 217,0 milljónir evrur breytilega vexti (31. desember 2023: 185,0 milljónir) og engin lán fasta vexti (31. desember 2023: engin lán). Skuldabréfaeign og lantímakröfur á tengda aðila voru engin (31. desember 2023: engar kröfur).

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

	31.12.2024		31.12.2023	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(1.088.734)	(2.177.469)	(924.985)	(1.849.969)

Útlánaááhætta

Í útlánaááhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að það tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaááhættu og hefur sett útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti viðskiptavina til að lágmarka lánsááhættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulegar til að endurspegla breyttar aðstæður mótaðila. Félagið hefur sett strangar reglur um tryggingar viðskiptakrafna félagsins með greiðslufallstryggingum viðskiptavina að stórum hluta ásamt því að náði er fylgst með gjaldföllnum kröfum og brugðist við með innheimtuaðgerðum.

Hámarksútlánaááhætta er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	979.060	604.651
Kröfur á tengd félög	1.910.846	1.334.610
Viðskiptakröfur	14.614.131	16.541.999
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna)	2.833.691	2.062.026
Handbært fé	9.629.910	17.933.611
	29.967.638	38.476.897

Við mat á niðurfærsluþörf fjárfrafna tekur félagið tillit til greiðslusögu og annarra tiltækra upplýsinga um greiðsluhæfi skuldara og trygginga fyrir viðkomandi kröfum.

Lausafjárááhætta

Lausafjárááhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Stjórnendur félagsins fylgjast með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að félagið geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið. Gerðar eru áætlanir um lausafjárstöðu til næstu mánaða og ára og þær skipulagðar í takt við áætlunina. Rekstur félagsins er mjög sveiflukenndur í takt við vertíðir innan ársins og notast félagið við skammtíma lánalínur þegar þess þarf til að mæta útgjöldum þegar lausafé er ekki nægjanlegt á þeim tímum sem fjárbinding er í hámarki.

24. Ábyrgðir og veðsetningar

Félagið hefur veðsett skip, aflaheimildir, fasteignir, lausafé og birgðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nam bókfært verð veðsettra eigna 232,5 milljónum evra og eftirstöðvar áhvilandi lána námu 232,7 milljónum evra. Áhvilandi á veðsettum eignum félagsins í árslok voru tryggingarbréf að fjárhæð 266,2 milljón evrur.

Vinnslustöðin hefur gengist í ábyrgð í réttu hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu Hins Norðlenzka Styrjufelags ehf. vegna sjálfskuldarábyrgðar á 50 milljón króna yfirdráttarheimild frá Arion banka. Ábyrgð Vinnslustöðvarinnar er að upphæð 5 milljónir króna vegna yfirdráttarlánsins.

25. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Vinnslustöðin hf. lauk við endurfjármögnun á langtímaskuldum félagsins í mars 2025 ásamt því að greiddar voru upp skuldir dótturfélaga við lánastofnanir. Áætlaðar afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar á árinu 2025 í kjölfar endurfjármögnununar nema um 9 milljón evra.

26. Önnur mál

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 508 og 509/2017 var viðurkennt að íslenska ríkið beri skaðabótaábyrgð á því fjártjóni sem Vinnslustöðin og Huginn ehf. kynnu að hafa beðið vegna þess að skipum útgerðanna hefðu með ákvörðun Fiskistofu, sem teknar höfðu verið á grundvelli reglugerða, verið úthlutað minni aflaheimildum en skylt hefði verið að gera skv. lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Í ljósi framangreindrar dómsniðurstöðu gerðu Vinnslustöðin og Huginn ehf. skaðabótakröfu á hendur íslenska ríkinu. Í júní 2023 komst Héraðsdómur Reykjavíkur að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið beri skaðabótaábyrgð vegna þess að Hugin og Vinnslustöðinni hefði verið úthlutað minni aflaheimildum á þessu tímabili en skylt var samkvæmt lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Var íslenska ríkið dæmt til að greiða útgerðunum rúman milljarð króna með dráttarvöxtum í bætur vegna úthlutunar aflaheimilda á málríl á árunum 2011 til 2018, sbr. dóm héraðsdóms í máli nr. E-7169/2019 frá 6. júní 2023. Íslenska ríkið áfrýjaði dómsniðurstöðunni til Landsréttar sem í nóvember 2024 staðfesti dóm Hugins í héraði en lækkaði bætur Vinnslustöðvarinnar. Vinnslustöðin óskaði eftir að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar sem rétturinn samþykkti. Ríkið óskaði jafnframt eftir leyfi til að áfrýja dómi í sambærilegu máli Hugins og samþykkti Hæstiréttur einning þá beiðni. Fram kemur í ákvörðun Hæstaréttar sem lá fyrir í janúar 2025 að Hæstiréttur telji að dómur í málinu geti haft fordæmisgildi um sönnunarfærslu og ákvörðun fjártjóns og var beiðnin því samþykkt.

Vestmannaeyjabær og HS veitur hafa hafið undirbúning að málshöfðun gegn Vinnslustöðinni, Hugins ehf. og tryggingafélagi útgerðarinnar VÍS. Líklegt er að mál þetta verði höfðað til heimtu fullra skaðabóta vegna tjóns á neðansjávarvatnslögninni (NSL-3) sem er í eigu Vestmannaeyjabæjar, í rekstri HS Veitna og þjónar vatnsveitu Vestmannaeyja, auk tjóns á ljósleiðara Ljósleiðarans ehf. VÍS og framangeindir aðilar hafa gert með sér samkomulag um takmörkunarfjárhæð skv. 3. mgr. 177. gr. siglingalaga og skiptingu hennar á milli þeirra sem urðu fyrir tjóni og hefur VÍS þegar greitt út takmörkunarfjárhæðina.

27. Reikningsskilaaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttar. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega með aðferð virkra vaxta yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 21%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

27. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýfast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við sameiningar félaga eða kaup á rekstri er mismunur á kaupverði og gangvirði hreinna eigna. Viðskiptavild er afskrifuð línulega á 10 árum.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýfast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma og eru þær prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar að minnsta kosti árlega.

Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbinding um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið til að unnt sé að ákvarða upphæð virðisrýrnunar (ef einhver er).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð eða afskrifað kostnaðarverð sé um eign með takmarkaðan líftíma að ræða. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir; hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

Til hlutdeildarféлага teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitid hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yfirráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarféлага umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

27. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði. Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Veiðarfæri eru metin sem helmingur nývirðis. Birgðabreyting afurða móðurfélagsins er færð meðal rekstrartekna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykinur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og ávinnings af eigninni flyst til leigutaka. Eignir í fjármögnunarleigu eru færðar á meðal rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra og skuldbinding við leigusala er þá færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra. Leigusamningar

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækunar á langtímaskuldum og færður til gjalda með reglubundnum hætti á lánstímanum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Stjórnarháttayfirlýsing Vinnslustöðvarinnar hf.

Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár og verður birt á heimasíðu félagsins. Eftirfarandi stjórnarháttayfirlýsing á við um starfsemi ársins 2024 og er birt samhliða ársreikningi fyrir það ár.

Stjórnarháttayfirlýsing 2024

Stjórn og stjórnendur Vinnslustöðvarinnar hf. leggja áherslu á að viðhafa góða stjórnarhætti svo að tryggt sé að starf stjórnar og starfsemi félagsins í heild uppfylli þau viðmið sem gilda um góða stjórnarhætti.

Lög og reglur

Vinnslustöðin hf. er hlutafélag og um stjórnarhætti þess gilda lög nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktir félagsins og starfsreglur stjórnar.

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti er félagið að gangast undir að fylgja *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja* sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, með það m.a. að markmiði að styrkja innviði Vinnslustöðvarinnar og auka gagnsæi. Stjórnarháttayfirlýsing Vinnslustöðvarinnar verður aðgengileg á heimasíðu félagsins www.vsv.is.

Í öllum meginráttum álítur Vinnslustöðin sig fylgja framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti en eftirfylgni við leiðbeiningarnar eru í stöðugri endurskoðun og á félagið m.a. eftir að skipa tilnefningarnefnd og starfskjaranefnd. Stjórn metur árlega hvaða hæfni stjórnarmenn þurfa að búa yfir til að sinna málefnum félagsins og að auki hvernig samsetning og fjölbreytni stjórnarinnar er háttað.

Lög um hlutafélög má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is.

Jafnlaunastefna

Stefna Vinnslustöðvarinnar er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Í því skyni hefur fyrirtækið sett jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun til að fylgja því markmiði eftir. Vinnslustöðin fékk jafnlaunavottun í byrjun árs 2020 og er hún metin árlega.

Persónuverndarstefna

Vinnslustöðin leggur ríka áherslu á vernd og öryggi persónuupplýsinga í starfsemi sinni. Vinnsla persónuupplýsinga hjá fyrirtækinu er ávallt í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu fyrirtækisins.

Öryggis- og vinnuverndarstefna Vinnslustöðvarinnar

Stefna Vinnslustöðvarinnar hf. og dótturfélaga er að tryggja starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem stuðlar að slysalausum vinnustað. Öflugar forvarnir og jákvætt viðhorf til öryggismála er lykillinn að ná árangri í öryggis- og vinnuverndarmálum.

Stefna og viðbragðsáætlun Vinnslustöðvarinnar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi

Hjá Vinnslustöðinni er lögð áhersla á góðan starfsanda, þar sem ríkir traust, trúnaður, jafnræði og hreinskilni milli allra starfsmanna. Starfsmönnum ber að temja sér kurteisi og háttvísi í framkomu og sýna hver öðrum tilhlýðilega virðingu og jákvætt viðmót. Stefna Vinnslustöðvarinnar og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi er sett á grundvelli laga

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Reglur um verklag við uppljóstrun

Til að ná markmiðum laga um vernd uppljóstrara hefur fyrirtækið sett sér verklagsreglur þar sem fram kemur að starfsmönnum verði heimilað að greina frá upplýsingum eða miðla gögnum í góðri trú um brot á lögum eða um aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitanda síns til aðila sem stuðlað geta að því að látið verði af eða brugðist við hinni ólögmætu eða ámælisverðu háttsemi.

Aðgerðaráætlun til að sporna við ofbeldi

Vinnslustöðin leggur áherslu á velferð og öryggi starfsmanna sinna. Tilgangur með aðgerðaráætlun fyrirtækisins til að sporna við ofbeldi er að hvetja og styðja þá sem eru þolendur heimilisofbeldis til að leita sér hjálpar. Aðgerðaráætlun Vinnslustöðvarinnar lýsir vel viðhorfi fyrirtækisins til starfsmanna og við viljum gera Vinnslustöðina að eftirsóknarverðum og öruggum vinnustað fyrir starfsfólk fyrirtækisins.

Umhverfisstefna

Verndun umhverfis og lífríkis er hagsmunamál allra. Vinnslustöðin hefur það að markmiði að starfa í sem bestri sátt við umhverfi sitt, stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og bættri umgengni um auðlindina. Í því skyni hefur fyrirtækið skýra stefnu í umhverfismálum. Stefna Vinnslustöðvarinnar um sjálfbærni er að fara eftir viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál og taka þátt í sjálfbærri þróun íslensks sjávarútvegs. Þannig tekur félagið þátt í samstarfi um ábyrga viðskiptahætti, stuðlar að sjálfbærri þróun íslensks efnahagslífs og styður við aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum. Grundvöllur ábyrga veiða við Ísland er fiskveiðistjórnunarkerfið og lög um stjórn fiskveiða. Fjárfesting í nýsköpun og hátækniþúnaði gefur mikilvæg tækifæri til að huga að sjálfbærni í rekstri félagsins og hefur Vinnslustöðin tekið þátt í þeirri þróun m.a. með byggingu nýs togara þar sem olíusparnaður var í forgrunni við hönnun skipsins. Vinnslustöðin hefur líkt og íslenskur sjávarútvegur í heild sinni tekið ábyrg skref í umhverfismálum m.a. með markvissri minnkun á notkun svartolíu og er engin svartolíu í notkun hjá félaginu.

Innra eftirlit og áhættustýring

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er gerður í evrum, sem er starfrækslumynt samstæðunnar. Stjórnendur fyrirtækisins fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri þar sem leitast er við að hafa verkferla og eftirlit með áhættuþáttum í rekstri. Mánaðarleg uppgjör og áætlanir gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti með rekstri félagsins sem stjórnendur yfirfara reglulega og kynna fyrir stjórn. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Helstu áhættur sem fylgja fjármálum samstæðunnar eru gjaldmiðlaáhætta, vaxtaáhætta, útlánaáhætta og lausafjáráhætta sem ítarlega er yfirfarið í skýringum með ársreikningi.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

Æðsta vald Vinnslustöðvarinnar er í höndum lögmætra aðalfunda. Aðalfundur félagsins kys fimm menn í stjórn félagsins og þrjá varamenn til eins árs í senn. Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutfall

stjórnar sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Til að takmarka rekstrar- og orðsporsáhættu félagsins skal við stjórnarkjör einnig hugað að fjölbreytileika við samsetningu hennar m.t.t. menntunar, starfsreynslu, aldurs og orðspors.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja stjórnarfundi og ritar fjármálastjóri fundargerðir stjórnarfunda. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár liggur fyrir að aðalfundi loknum. Fundarboð vegna stjórnarfunda er sent á stjórn félagsins með tölvupósti með hæfilegum fyrirvara fyrir hvern fund. Stjórnarformaður stýrir fundum. Fundargerðir eru samþykktar af stjórn og framkvæmdastjóra.

Í samræmi við samþykktir félagsins fara hluthafafundir með æðsta vald í öllum málefnum félagsins með takmörkunum þeim sem landslög og samþykktir félagsins setja. Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og annast framkvæmdastjóri daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu og fyrirmæli stjórnar.

Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og framkvæmdastjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi 13. febrúar 2020 og eru endurskoðaðar árlega. Þar er m.a. að finna reglur um skiptingu starfa innan stjórnar, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarsköp og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu og verkvið stjórnar og framkvæmdastjóra.

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal það gert eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Starfandi endurskoðunarnefnd var skipuð á stjórnarfundi 19. apríl 2021 og starfar eftir starfsreglum sínum. Nefndin hefur eftirlit með gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits og áhættustýringar auk þess að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings félagsins. Hún er í samskiptum við stjórnendur og endurskoðendur félagsins.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins. Formaður stjórnar er málsvari hennar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema hún ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt framkvæmdastjóra, í samræmi við það sem almennt tíðkast og eftir aðstæðum hverju sinni.

Í framkvæmdaráði fyrirtækisins sitja framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og sviðsstjórar botnfiskssviðs, uppsjávarsviðs, mannauðssviðs og tæknilegur rekstrarstjóri ásamt rekstrarstjóra VSV Seafood Iceland ehf.

Árangursmat stjórnar

Stefna Vinnslustöðvarinnar er að vera öflugt og arðsamt sjávarútvegsfyrirtæki sem einbeitir sér að öflun, framleiðslu og sölu sjávarafurða. Vinnslustöðin leitast við að sinna þeim skyldum sem félagið hefur að gegna gagnvart hluthöfum með arðsömum rekstri og gagnvart starfsmönnum með því að greiða samkeppnishæf laun og veita þeim starfsöryggi. Þannig gegnir fyrirtækið samfélagslegum skyldum sínum. Félagið leggur ríka áherslu á ábyrgar fiskveiðar og góða umgengni um auðlindir sjávar.

Stjórnin metur árlega störf sín, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda sem eiga setu í framkvæmdaráði fyrirtækisins. Skoðað er hvort unnið er í samræmi við starfsreglur, hver mæting stjórnarmanna er á fundi og hvernig þátttaka þeirra er á fundum. Opin umræða er innan stjórnar um hvernig megi vinna að stöðugum umbótum er enn fremur mikilvægur hluti af sjálfsmati stjórnar. Þá metur stjórnin þróun félagsins og gætir að því að hún sé í samræmi við markmið þess.

Skipan stjórnar Vinnslustöðvarinnar 2024-2025

Aðalmenn

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 1963, stjórnarformaður Vinnslustöðvarinnar frá 2010 og kom það ár fyrst í stjórn félagsins. Guðmundur situr einnig í stjórnnum nokkurra annarra fyrirtækja. Áður gegndi Guðmundur stöðu forstjóra VÍS frá árinu 2008-2011. Hann starfaði þar áður hjá Tryggingamiðstöðinni, fyrst sem forritari, síðar deildarstjóri og að lokum gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar á árunum 1984-2007. Einnig starfaði Guðmundur sem stundakennari við Menntaskólann við Sund á árunum 1984-1985. Guðmundur er óháður Vinnslustöðinni þar sem hvorki hann né tengdir aðilar eiga hlut í félaginu og hefur Guðmundur auk þess engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins.

Einar Þór Sverrisson, fæddur 1973, varaformaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2011 og kom það ár fyrst í stjórn félagsins. Einar Þór er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og hefur talsverða reynslu í vinnu alhliða lögfræðistarfa fyrir atvinnulífið og setu í stjórnnum fyrirtækja. Einar Þór er óháður Vinnslustöðinni þar sem hvorki hann né tengdir aðilar eiga hlut í félaginu og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila félagsins. Einar Þór situr í stjórn sjávarútvegsfélaganna Odda hf. á Patreksfirði og Eskju hf. og félaga tengdri Eskju hf.

Rut Haraldsdóttir, fædd 1964, hefur verið aðalmaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2013. Rut er með BS gráðu í viðskiptafræði og hefur gegnt stöðu fjármálastjóra ýmissa fyrirtækja og stofnana. Rut er eigandi 0,0064% hlut í félaginu og hafði hagsmunatengsl við Hugin ehf., dótturfélag Vinnslustöðvarinnar fyrir kaup félagsins á öllu hlutafé í Hugin.

Sigurhanna Friðþórsdóttir, fædd árið 1972, hefur verið varamaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2019 en varð aðalmaður á árinu 2023. Sigurhanna er menntaður grunnskólakennari og með MCM gráðu í menningarstjórnun. Sigurhanna hefur starfað hjá Vestmannaeyjabæ og hefur setið í stjórnnum ýmissa félagasamtaka. Sigurhanna hefur engin hagsmunatengsl við hluthafa eða viðskiptaaðila félagsins.

Sigurjón Rúnar Rafnsson, fæddur 1965, hefur verið aðalmaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2019. Sigurjón er með búfræði- og viðskiptafræðimenntun og starfar sem aðstoðarkaupfélagsstjóri hjá Kaupfélagi Skagfirðinga svf. sem er óbeint eigandi að 32,88% hlut í Vinnslustöðinni. Sigurjón hefur gegnt ýmsum störfum tengdum rekstri fyrirtækja og hefur reynslu af stjórnarsetu.

Varamenn

Eyjólfur Guðjónsson, fæddur 1960, hefur verið varamaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2011. Eyjólfur var skipstjóri á Ísleifi VE 63. Eyjólfur á 1,56% hlut í Vinnslustöðinni og er eigandi og stjórnarmaður í Ufsaberg ehf. sem á 0,12% hlut í félaginu.

Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir, fædd 1956, kom í stjórn Vinnslustöðvarinnar sem varamaður árið 2014, hún hefur verið aðalmaður í stjórn frá árinu 2019, en varð aftur varamaður á árinu 2023. Guðmunda er með verslunarskólapróf og menntaður leikskólakennari. Hún hefur rekið eigið fyrirtæki í sjávarútvegi frá árinu 1974 og er í dag fjármálastjóri Narfa ehf. Meðfram rekstri starfaði hún sem leik-

og grunnskólakennari á árunum 1978-2000. Guðmunda á 0,74% hlut í Vinnslustöðinni í gegnum hlutafélagin Gymi ehf. og Narfa ehf. Að öðru leyti hefur Guðmunda engin hagsmunatengsl við félagið.

Herdís Ásu Sæmundardóttir, fædd árið 1954, hefur verið varamaður í stjórn Vinnslustöðvarinnar frá árinu 2019. Herdís er með BA gráðu í norrænum tungumálum og MA gráðu í opinberri stjórnsýslu. Hún hefur lengst af starfað sem kennari, fræðslustjóri og sviðsstjóri fjölskyldusviðs sveitarfélagsins Skagafjarðar. Herdís hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum tengdum opinberum stofnunum og er stjórnarmaður í Kaupfélagi Skagfirðinga svf og Fisk-Seafood ehf. sem er óbeint eigandi að 32,88% hlut í Vinnslustöðinni.

Framkvæmdastjóri

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, fæddur árið 1960, hefur verið framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar frá árinu 1999. Sigurgeir Brynjar er búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri, með BS gráðu í viðskiptafræði og mastersgráðu í fjármálum og fjárfestingum. Sigurgeir Brynjar starfaði sem sérfræðingur hjá Íslandsbanka áður en hann tók við sem fjármálastjóri og síðar framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. Sigurgeir Brynjar á 0,08% eignarhlut beint í félaginu og 9,5% í gegnum félög.

Gildi Vinnslustöðvarinnar

Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum eru að hafa virðingu, sjálfbærni og sanngirni að leiðarljósi í starfsemi sinni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Það gerist meðal annars með því að

- umgangast og nýta auðlindir hafsins með virðingu og skynsamlegri sókn.
- stjórna ferli veiða, vinnslu og markaðsmála allt til neytandans þannig að saman fari kröfur um gæði, ábyrgð og afrakstur í starfseminni.
- stuðla að sjálfbærni auðlinda og samfélags, styrkja innviði byggðarlags síns og velferð þjóðarinnar allrar.
- leitast við að láta gagnkvæma sanngirni ríkja í samskiptum, jafnt inn á við sem út á við.
- stuðla að arðsömum rekstri svo menn njóti ávöxtunar af vinnuframlagi sínu og skapi um leið forsendur þess að félagið fái staðið undir samfélagslegri ábyrgð sinni.
- bera virðingu fyrir neytendum sjávarfangs og leitast ætíð við að tryggja að vörumerkið VSV sé öruggt tákn um góðar og hollar afurðir.
- virða hvert annað, einnig þá sem starfa í sjávarútvegi og í þjónustu- og viðskiptagreinum sjávarútvegsins.

Stjórnarháttayfirlýsingin síðast yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundum Vinnslustöðvarinnar þann 11. apríl 2025.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Vinnslustöðin hf. (VSV) er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem rekur eigið sölu- og markaðsstarf og selur afurðir sínar að nær öllu leyti á erlendum mörkuðum. Það var stofnað árið 1946 og er með fjölbreytilegan rekstur, gerir út þrjú togskip, einn netabát og þrjú uppsjávarskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfisksverkun og frystingu botnfisks og uppsjávarfisks. Einnig rekur félagið fiskimjölsverksmiðju. Í samstæðunni er rekstur verkstæðis og frystigeymslu, löndunarpjónusta, ísframleiðsla, skipaafgreiðsla ásamt umboðssölu. Þá rekur félagið sex sölufélög erlendis ásamt fiskvinnslu í Portúgal. Móðurfélag í samstæðunni er Vinnslustöðin hf. og er staðsett í Vestmannaeyjum.

Meginhlutverk VSV er að veiða, framleiða, þróa, markaðssetja og selja verðmæta gæðaaufurð úr hafinu á arðsaman og ábyrgan hátt. Félagið stundar markaðs-, sölu- og vöruþróunarstarf á völdum mörkuðum og selur afurðir undir eigin vörumerkjum og vörumerkjum dreifiaðila. Félagið starfrækir einnig söluskrifstofur á lykilmörkuðum sínum og er verkefni þeirra að selja afurðir VSV og miðlun sjávarfangs þar sem þess gefast tækifæri.

Vöxtur félagsins næst með því að nýta tækifæri til vaxtar á Íslandi með aukinni veiði- og vinnslugetu og á erlendum mörkuðum með samstarfi og sjálfstæðum rekstrareiningum, eða öðru því formi sem gefur félaginu tækifæri til skapa aukna arðsemi sem byggir á kjarnastarfsemi og kjarnaþekkingu fyrirtækisins.

Lög og siðferðismál

Félagið leitast við að hámarka arð eigenda og skapa góðan vinnustað fyrir starfsfólk sitt. Vinnslustöðin starfar eftir lögum og reglum sem gilda um starfsemi félagsins og hefur í hávegum viðmið um gott siðferði í viðskiptum. Félagið starfar í einu og öllu eftir vinnulöggjöf og kjarasamningum. Það ber fulla virðingu fyrir mannréttindaákvæðum um félagafrelsi, nauðungar- eða þrælkunarvinnu og misrétti. Öll mismunun á grundvelli ómálefnalegra þátta er bönnuð.

Samfélagsábyrgð

Sjávarútvegur hefur miklu hlutverki að gegna í íslensku samfélagi og er einn af burðarstólpum þess. Vinnslustöðin hefur þar hlutverki að gegna í íslensku samfélagi sem efnahagslegt afl í litlu samfélagi og vill efla lífsgæði þess með fjárfestingum í samfélaginu og úrlausn vandamála sem steðja að því samfélagi sem félagið er hluti af.

Vinnslustöðin er þátttakandi í nærsamfélaginu, bæði með þátttöku í verkefnum og viðburðum og styrkir það fjárhagslega. Félagið kaupir þjónustu í heimabyggð og hefur lengi verið máttarstólpi í íþróttalífi Vestmannaeyja.

Stjórnendur og starfsfólk Vinnslustöðvarinnar hafa virðingu, sjálfbærni og sanngirni að leiðarljósi í starfseminni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Í stefnuskjali félagsins er að finna ítarlega lýsingu á gildum félagsins sem samanstanda af virðingu, sjálfbærni og velferð (skammstafað VSV). Það fjallar meðal annars um virðingu fyrir auðæfum hafsins ásamt sjálfbærni þess, virðingu fyrir starfsfólki og samskiptum og velferð starfsfólks og samfélagsins.

Umhverfismál

Vinnslustöðin sækir verðmætt hráefni sitt í hafið við Ísland og í norðanverðu Atlantshafinu. Það er markmið félagsins að nýting náttúruauðlinda byggi á sjálfbærni með tilliti til langtímasjónarmiða. Félagið vill stuðla að því að skipulag fiskveiða leiði til ábyrgrar nýtingar fiskistofna eins og best þekkist í heiminum. Góður árangur íslensks sjávarútvegs frá upphafi þessarar aldar er merki þess að á Íslandi er eftirlit með ástandi fiskistofna gott og vörður er staðinn um sjálfbærni þeirra. Félagið er með fisktegundir vottaðar af MSC (Marine Stewardship Council) sem er alþjóðleg vottunarstofa um sjálfbærar fisktegundir. Úttektir vottunarstofa eru gerðar a.m.k. árlega. Einnig er félagið aðili að IRF (Iceland Responsible Fisheries) varðandi vottun fiskveiða. Tilgangur vottunar IRF er að sýna fram á með gagnsæjum hætti að staðið er að fiskveiðum og fiskveiðistjórnun á Íslandi á ábyrgan og viðurkenndan hátt í samræmi við kröfur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Félagið er með vottað gæðastjórnunarkerfi, HACCP (Hazard Analysis and Critical Control Points), FEMAS (Feed Material Assurance Scheme) og IFFO RS (Global Standard for Responsible Supply) til að tryggja rekjanleika, stöðluð vinnubrögð og gæði afurða.

Með reynslumiklu og hæfu starfsfólki er lögð áhersla á gæði afurða og ábyrga umgengni til sjós og lands. Íslenskur sjávarútvegur á sinn þátt í útblæstri á gróðurhúsalofttegundum. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, sem Vinnslustöðin er aðili að, hefur undirritað með íslenskum stjórnvöldum samstarfsfyrirlýsingu um hvata til að draga úr kolefnisspori í íslenskum sjávarútvegi.

Vinnslustöðin notaði, ásamt dótturfélögunum Hugin ehf. og Ós ehf., rúma 11,4 milljón lítra af olíu á árinu 2024 og minnkaði notkun úr 13,9 milljónum frá árinu áður. Ástæður liggja helst í því að engar loðnuveiðar voru á rekstrarárinu. Hátt verð og skerðing er á afhendingu raforku til fiskimjölsverksmiðju félagsins og var því rafskautaketill verksmiðjunnar sáralítið nýttur til framleiðslu mjöls og lýsis á rekstrarárinu. Voru 25,7 Kwh nýttar til framleiðslunnar á árinu 2024 en til samanburðar voru 196 Kwh nýttar til framleiðslunnar að meðaltali síðastliðin 20 ár þar á undan. Ef olíunotkun er skoðuð frá árinu 2005 til 2024 í samhengi við aflahlutdeild félaga Vinnslustöðvarinnar hefur aflahlutdeild aukist um 68% en olíunotkun einungis um 7%. Með öðrum orðum hefur losun gróðurhúsalofttegunda minnkað, reiknað á þennan hátt á tímanum, en ljóst er að starfsemi félagsins er mjög viðkvæm fyrir afhendingu á hreinni orku í stað mengandi orkugjafa. Stendur félagið frammi fyrir því að þurfa að endurnýja olúkatla í fiskimjölsverksmiðju sinni, sem eru gamlir, til að minnka losun og auka hagkvæmni því ekki verður séð að rafmagn verði tryggt til verksmiðjunnar á næstu misserum. Með því að tryggja afhendingu á rafmagni til fiskimjölsverksmiðju og með áframhaldandi endurnýjun skipa, sem félagið hefur væntingar um að geta ráðist í, ættu markmið um minnkun á losun að takast fyrir árið 2030.

Botnfisksskipið Breki VE, sem byggður var í Kína og tekinn í rekstur á árinu 2017, ber vott um mikilvægi umhverfismála hjá félaginu þar sem olíusparnaður er með því besta sem þekkist í skipaflota Íslendinga. Félagið notar ekki svartolíu í skipaflota sínum. Fiskimjölsverksmiðja félagsins starfar með leyfi Umhverfisstofnunar og skilar skýrslu til hennar um umhverfisupplýsingar skv. reglugerð ár hvert þar sem fram koma áhrif hennar á umhverfið. Allt sorp félagsins er flokkað og skilað til sorpstöðvar samkvæmt ítrustu kröfum. Sorpið, sem getur verið plast, timbur, málmhlutir og lífrænn úrgangur, er sett í þar til gerða gáma og afhentir samkvæmt kröfum. Plastsekkir úr mjöl- og saltfiskvinnslu eru endurnir í samstarfi við endurvinnsluaðila.

Unnið er eftir formlegri umhverfisstefnu innan félagsins sem útgefin var á árinu 2015 og endurskoðuð reglulega og fjallað er um í stjórnháttaryfirlýsingu.

Mannauður

Hjá félaginu er starfandi sérstakt lögfræði- og mannauðssvið þar sem stjórnendur veita faglega ráðgjöf og stuðning varðandi starfsmannamál, túlkun kjarasamninga og annað sem viðkemur mannauði félagsins. Gefin er út ítarleg starfsmanna- og áhafnahandbók þar sem fram koma meðal annars upplýsingar um starfsmannastefnu félagsins, réttindi starfsfólks, kjaramál, jafnrétti, öryggismál, upplýsingar um heilsustefnu og viðbrögð við einelti á vinnustað. Vinnslustöðin hf. hefur gefið út starfsmannahandbók á íslensku og ensku sem er einkum og aðallega til leiðsagnar fyrir stjórnendur og hefur að geyma upplýsingar um ýmislegt er varðar reglur fyrirtækisins, starfsumhverfi, réttindi og skyldur. Starfsmenn hafa aðgang að starfsmannahandbókinni á skrifstofu starfsmannastjóra og á kaffistofum starfsmanna og stjórnendur hafa aðgang að handbókinni á netdrifi fyrirtækisins. Þá hefur Vinnslustöðin gefið út áhafnahandbók fyrir hvert skip í útgerð fyrirtækisins sem skipverjar hafa allir aðgang að um borð í skipunum.

Fyrirtækið leggur áherslu á að skapa starfsmönnum heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi sem stuðlar að sýslalausum vinnustað. Fyrirtækið hefur sett sér öryggisstefnu sem gildir fyrir stjórnendur og starfsmenn á sjó og í landi. Í samræmi við vinnuverndarlöggjöf starfar öryggisnefnd á vinnustaðnum sem vinnur að forvarnar- og öryggismálum og stefnumótun með stjórnendum og á skipum félagsins eru öryggismál á ábyrgð skipstjóra og stýrimanna lögum samkvæmt. Öryggismál fyrirtækisins eru í sífelldri endurskoðun með það að markmiði að auka öryggisvitund starfsmanna og bæta vinnuumhverfið. Unnið er með samstarfsaðila að átaki til að fækka slysum á sjó og í landi, þar með talið með skráningu slysa og næstum slysa sem verða hjá félaginu. Markmiðin eru ávallt þau að læra af fyrri reynslu og fækka slysum.

Félagið styður við íþróttaiðkun starfsmanna og samningur er í gildi milli félagsins og fyrirtækisins Sjómannaheilsu sem fylgist með heilsu sjómanna sem hafa þar aðgang að þjónustu ef þörf er á.

Félagið er með vottað jafnlaunakerfi. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Launagreining var gerð af úttektaraðila í lok árs 2024 í tengslum við launagreiningu ársins 2024 og staðfest var að launamunur hjá félaginu var innan allra vikmarka og óútskýrður launamunur var ekki til staðar.

Sem ábyrgðaraðili hefur Vinnslustöðin gert vinnsluskrá um vinnslu persónuupplýsinga í félaginu og undirritað vinnslusamninga við þá aðila sem vinna persónuupplýsingar fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar. Vinnsla persónuupplýsinga hjá Vinnslustöðinni er í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga.

Skrifleg stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi er í gildi hjá félaginu sem kynnt er starfsmönnum. Í henni koma meðal annars fram upplýsingar um hvert skuli beina tilkynningum og hvernig tilkynningum er fylgt eftir. Vinnslustöðin leggur áherslu á velferð og öryggi starfsmanna sinna og hefur samþykkt aðgerðaráætlun til að sporna við ofbeldi. Tilgangur með aðgerðaráætlun fyrirtækisins er að hvetja og styðja þá sem eru þolendur heimilisofbeldis til að leita sér hjálpar. Ofbeldi hefur ekki aðeins varanlegar afleiðingar fyrir þolendur og fjölskyldur þeirra, heldur allt samfélagið.

Mannréttindi, siðferði, spilling og mútur

Vinnslustöðin virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrælsis og kjarasamninga. Allir hagaðilar félagsins eiga rétt á sanngjarnri meðferð í anda jafnræðisreglu. Því til stuðnings er félagið með útgefna jafnlaunastefnu eins og fjallað er um í stjórnháttaryfirlýsingu, en ekki hefur verið gefin út formleg mannréttindastefna. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu.

Félagið tekur ekki þátt í mótum á nokkurn hátt eða spillingu, þrátt fyrir að hafa ekki gefið út formlega stefnu þar um, og hefur gefið út reglur um verklag við uppljóstrun samkvæmt lögum um vernd uppljóstrara nr. 40/2020 ásamt því að hafa sett fram siðareglur til starfsmanna sinna varðandi innkaup fyrir félagið.

Flokkunarreglugerð ESB

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Umhverfismarkmiðin eru sex: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tekin fram fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi fyrir árið 2024, sem breyttist með framseldri reglugerð 2022/1214 um atvinnustarfsemi tiltekinna orkugeira. Framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og uppfærsla á fyrstu tveimur í framseldri reglugerð ESB 2023/2485 tóku gildi innan ESB árið 2023 og hér á landi frá og með 1. janúar 2025.

Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi samkvæmt 3. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina samkvæmt tæknilegum matsviðmiðum. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera umhverfislega sjálfbær starfsemi.

Vinnslustöðin hf. hefur farið yfir starfsemi sína í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt og gilda hér á landi samkvæmt framseldri reglugerð ESB 2021/2139. Við mat á tæknilegu matsviðmiðunum kom í ljós að meginstarfsemi félagsins fellur ekki undir þau tæknilegu matsviðmið sem hafa verið birt og eru því ekki forsendur til frekari skýringa að ræða.

Vinnslustöðin er þó meðvituð um að flokkunarreglugerðin er í stöðugri þróun og að frekari atvinnugreinar gætu bæst við birtingaskylduna. Af þeim sökum mun félagið fylgjast grannt með þeirri þróun sem á sér stað og birta upplýsingar um meginstarfsemi sína um leið og hún fellur undir framseldar gerðir flokkunarreglugerðarinnar að öðru óbreyttu.

Í meðfylgjandi töflum birtir Vinnslustöðin því hlutfall tilgreindra lykilmælikvarða vegna atvinnustarfsemi sem fellur ekki að flokkunarreglugerðinni samkvæmt framseldri reglugerð 2021/2178 um innihald og framsetningu upplýsinga.

Til viðbótar birtir Vinnslustöðin upplýsingar um starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas í samræmi við 6. og 7. mgr. 8. gr. sömu reglugerðar. Þar sem félagið er hvorki með starfsemi sem tengist kjarnorku né jarðgasi eru lykilmælikvarðar ekki taldir fram.

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heilduræsla (8)	Hluturá veltu (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag							Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")							Lagnir/veðurfarastærðir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N 1 (19)	Flokkur (starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark- miðum (20)	Flokkur "Iumbreytin gær- starfsemi" (21)	
				Mótvægi við breiðsæðingargrægi (5)*	Aðlagun að breiðsæðingargrægi (6)	Væðing og skýringar (7)	Hæðingastærð (8)	Mengun (9)	Lífsmæling fjölskyldu og vaxandi (10)	%	Mótvægi við breiðsæðingargrægi (11)	Aðlagun að breiðsæðingargrægi (12)	Væðing og skýringar (13)	Hæðingastærð (14)	Mengun (15)	Lífsmæling fjölskyldu og vaxandi (16)	%					
		EUR	%	%	%	%	%	%	%	%	Ja/Nei	Ja/Nei	Ja/Nei	Ja/Nei	Ja/Nei	Ja/Nei	%	E	T			
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																						
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																						
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)(A.1)		0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	0%	0%	0%			
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																						
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		0,00	0%																			
Alls (A.1+A.2)		0,00	0%																			
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																						
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)		178.033.110	100%																			
Alls (A+B)		178.033.110	100%																			

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarvæða (3)	Hlutf. fjárfestingargjalda (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")							Lágmarks vaxenduráðstæðni (17)	Hlutf. fjárfestingargjalda sem felur að flokkunarkerfinu, á r N 1 (19)	Flokkur (starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark-miðum (20)	Flokkur "Umbreytin gærstarfsemi" (21)	
				Mótvægi að breiðgönguþyngun (5)*	Aðlagun að breiðgönguþyngun (6)	Væða og skýrðun (7)	Hengjastærð (8)	Mengun (9)	Lífæðing fjölskyldu og veitkerfi (10)	Mótvægi að breiðgönguþyngun (11)	Aðlagun að breiðgönguþyngun (12)	Væða og skýrðun (13)	Hengjastærð (14)	Mengun (15)	Lífæðing fjölskyldu og veitkerfi (16)						
		EUR	%	%	%	%	%	%	%	10/100	10/100	10/100	10/100	10/100	10/100	10/100	%	E	T		
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																					
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem felur að flokkunarkerfinu)																					
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem felur að flokkunarkerfinu) (A.1)			0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	0%	0%	0%		
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem felur ekki að flokkunarkerfinu)																					
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem felur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)			0,00	0%																	
Alls (A.1+A.2)			0,00	0%																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																					
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)			22.624.039	100%																	
Alls (A+B)			22.624.039	100%																	

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heldur rekstrargjöld (3)	Hlutf. af rekstrargjöldi (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")						Lágmarks umhverfisáhrif (17)	Hlutf. rekstrargjalds sem fellur að flokkunarkerfinu, ári N 1 (19)	Flokkur (starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark-miðum (20)	Flokkur ("umbreytin gæðastarfsemi") (21)		
				Mótvæg við breiðsýninguna (5)*	Aðlagun að breiðsýningunni (6)	Væðing og skýrslaðir (7)	Hengsamskerfið (8)	Mengun (9)	Lífnaðing fjölskyldu og vaxandi (10)	Mótvæg við breiðsýninguna (11)	Aðlagun að breiðsýningunni (12)	Væðing og skýrslaðir (13)	Hengsamskerfið (14)	Mengun (15)	Lífnaðing fjölskyldu og vaxandi (16)						
		EUR	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	E	T			
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																					
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																					
Rekstrargjöld frá starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)			0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	0%	0%	0%		
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																					
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem ekki fellur að flokkunarkerfinu) (A.2)			0,00	0%																	
Alls (A.1+A.2)			0,00	0%																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																					
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)			160.043.846	100%																	
Alls (A+B)			160.043.846	100%																	